

Viðauki 2

Tækniskilmálar

1 Inngangur

Hér verður lýst þeim tæknilegu eiginleikum sem skipta máli við samtengingu neta. Undirliggjandi tækni er í sífelldri þróun og geta samningsaðilar, í gagnkvæmum samningi sín á milli, samið um aðra högun en hér verður lýst.

Eftir því sem frekast er unnt skal fylgja íslenskum stöðlum auk alþjóðastaðla frá ETSI og ITU-T.

2 Snið

Símstöðvar tengjast saman með tengingu sem byggð er á SDH/PDH tækni. Lágmarkstenging er 1x2Mb/s (2.048 kb/s $\pm$ 50 ppm) straumur í hverja símstöð með eiginleikum samkvæmt staðli ITU-T G.703, kafli 9. Hefðbundin tenging milli aðila er gerð með 75 Ω samása streng. Uppbygging er samkvæmt staðli ITU-T G.704, kafla 2.3 og 5.1. Talmerkjum skal safnað með 8 kHz $\pm$ 50 ppm söfnunartíðni og kóðuð með A-law samkvæmt staðli ITU-T G.711.

Möguleg tenging er einnig STM-1 en þá skal uppbygging vera VC-12 samkvæmt staðli G.707.

3 Töktun

Samningsaðilar skulu tryggja að seinkun endurkasts tals í talrás, frá samtengingarpunktinum til símnotanda tengdur öðru netinu skuli ekki vera meiri en 7 msek og deyfing ekki minni en 33dB.

Miðað er þá við að heildarseinkun enda í enda sé 25ms samanber línu „Acceptable“ í mynd 1 í ITU-T staðlinum G.131 frá 11/2003. Ef deyfingin er önnur breytast heildarseinkunarmörkin eins og myndin segir til um. Þá er miðað við að endabúnaður á sitthvorum enda sé með ekki meira en 5 msek seinkun og helmingur þess sem eftir situr er þá leyfileg seinkun hvors aðila.

Ef aðili getur ekki uppfyllt þessar kröfur, skal viðkomandi tryggja gæði sambandanna með bergmálseyðum.“ Bergmálseyðar skulu ekki vera lakari en staðall G.168 segir til um.

Fjarskiptanet Símans uppfyllir kröfur ITU-T G.811 með Cesium taktviðmiðun og er í samræmi við G.823 hvað varðar merkjaflökt (jitter) og merkjasveim (wander).

Net viðsemjanda skal vera taktað samkvæmt ITU-T G.811.

Formatted: Bullets and Numbering

Formatted: Bullets and Numbering

Formatted: Bullets and Numbering

Ef viðsemjandi kýs að nýta sér takt unninn úr samtengistraum Símans ábyrgist Síminn ekki stöðugleika eða áreiðanleika nets samningsaðila.

Í tímabundnum undantekningartilfellum er leyfilegt að nákvæmni takts minnki en þó ekki meira en staðlar G.812 og G.813 segja til um.

4 Merkjasetningar

Merkjasambönd milli sírstöðva eru venjulega byggð upp af einni eða fleiri 64 kb/s rásum í straumum sem tengja sírstöðvarnar saman (sjá kafla 2 í þessum viðauka). Grunnssamskipti eru byggð upp með MTP högun og styðja sírstöðvar Símans ITU-T staðlana Q.701-Q.708 í útgáfu þeirra frá 1997. Hefðbundin tenging er byggð upp með ISUP högun og styðja sírstöðvar Símans ITU-T staðlana Q.730 – Q.737, Q.761 – Q.765 og Q.850 í útgáfu þeirra frá 1997.

Úthlutun NSPC (National SPC (Signalling Point Code)) er í höndum Póst- og fjarskiptastofnunarinnar og er NI=2 í samræmi við staðal Q.704, kafla 14.2.2.

Ef sérstaklega er samið um notkun með SCCP högun þá styðja sírstöðvar Símans ITU-T staðlana Q.712 í útgáfu 1997, Q.711, Q.713 og Q.714 í útgáfu 2001.

Ef sérstaklega er samið um notkun með TC högun þá styðja sírstöðvar Símans ITU-T staðlana Q.771-Q.774 í útgáfu þeirra frá 1997.

Sírstöðvar viðsemjanda skulu uppfylla sömu eða sambærilega staðla svo tenging heppnist.

Á hverjum tíma eru eingöngu algengustu uppsetningar skilgreindar í sírstöðvunum og áskilur Síminn sér rétt að hafna lítt notuðum hlutum ofangreindra staðla.

Ennfremur áskilur Síminn rétt til notkunar á "policing" og "ISUP screening masks" eftir því sem ástæður gefa tilefni til að mati Símans.

"Backward Call Indicators" eiga alltaf að vera settir á stillingu "charge" þegar merkið kemur til Símans.

5 Meðferð A-númera

Skyldur eru lagðar á herðar samningsaðila um meðferð A-númera og birtingu þeirra á þann hátt að mistúlkun og misnotkun sé lágmörkuð. Felst í því, til dæmis, að A-númeri sé ekki breytt í umflutningi umferðar yfir net samningsaðila og A-númer sé ekki birt hjá B-notanda ef óskað er eftir númeraleynd. Með talsímaumferð sem á uppruna sinn og lúkningu innanlands skal ávallt fylgja gilt A-númer.

Formatted: Bullets and Numbering

Formatted: Bullets and Numbering